

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2017****2019/EES/40/04****frá 7. júlí 2017****um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/410 frá 8. mars 2017 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 184/2007 og (ESB) nr. 104/2010 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir kalúmífformat ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/420 frá 9. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með tímjanolíu, tilbúinni stjórnunísolíu og dufti af sáputré sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er Delacon Biotechnik GmbH) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/429 frá 10. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatinus* (áður flokkaður sem *Aspergillus aculeatus*) (CBS 589.94), endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (áður flokkaður sem *Trichoderma longibrachiatum*) (CBS 592.94), alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), og endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP4842), sem fóðuruakefni fyrir allar fuglategundir og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 358/2005 og (EB) nr. 1284/2006 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 516/2010 (leyfishafi er Kemin Europa NV) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/439 frá 13. mars 2017 um leyfi fyrir L-lýsínsúlfati, sem er framleitt með *Escherichia coli*, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/440 frá 13. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus amyloliquefaciens* (PTA-6507), *Bacillus amyloliquefaciens* (NRRL B-50013) og *Bacillus amyloliquefaciens* (NRRL B-50104) sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla sem eru aldir til varps (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/447 frá 14. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (DSM 5750) og *Bacillus licheniformis* (DSM 5749) sem fóðuruakefni fyrir gyltur, fráfarugrúsi, eldissvín, kálfa til eldis og eldiskalkúna og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 600/2005 (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) Hansen A/S) ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/455 frá 15. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus fermentum* (NCIMB 41636), *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41638) og *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 41640) sem fóðuruakefni fyrir hunda ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjútúð. ESB L 63, 9.3.2017, bls. 98.⁽²⁾ Stjútúð. ESB L 64, 10.3.2017, bls. 7.⁽³⁾ Stjútúð. ESB L 66, 11.3.2017, bls. 4.⁽⁴⁾ Stjútúð. ESB L 67, 14.3.2017, bls. 70.⁽⁵⁾ Stjútúð. ESB L 67, 14.3.2017, bls. 74.⁽⁶⁾ Stjútúð. ESB L 69, 15.3.2017, bls. 18.⁽⁷⁾ Stjútúð. ESB L 71, 16.3.2017, bls. 15.

- 8) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/429 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 516/2010 ⁽⁸⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 9) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 10) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 184/2007):
„– **32017 R 0410:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/410 frá 8. mars 2017 (Stjtið. ESB L 63, 9.3.2017, bls. 98).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 1zzzzzy (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 104/2010):
„, breytt með:
– **32017 R 0410:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/410 frá 8. mars 2017 (Stjtið. ESB L 63, 9.3.2017, bls. 98).“
3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zzg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005):
„– **32017 R 0429:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/429 frá 10. mars 2017 (Stjtið. ESB L 66, 11.3.2017, bls. 4).“
4. Eftirfarandi er bætt við lið 1zzx (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1284/2006):
„, breytt með:
– **32017 R 0429:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/429 frá 10. mars 2017 (Stjtið. ESB L 66, 11.3.2017, bls. 4).“
5. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zw (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004), lið 1zze (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004) og lið 1zzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005):
„– **32017 R 0447:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/447 frá 14. mars 2017 (Stjtið. ESB L 69, 15.3.2017, bls. 18).“
6. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 201. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/307):
„202. **32017 R 0420:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/420 frá 9. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með timjanolífu, tilbúinni stjörnuanísolú og dufti af sáputré sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er Delacon Biotechnik GmbH) (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2017, bls. 7).
203. **32017 R 0429:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/429 frá 10. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus aculeatinus* (áður flokkaður sem *Aspergillus culeatus*) (CBS 589.94), endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (áður flokkaður sem *Trichoderma*

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 150, 16.6.2010, bls. 46.

longibrachiatum) (CBS 592.94), alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), og endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma viride* (NIBH FERM BP4842), sem fóðuruakefni fyrir allar fuglategundir og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 358/2005 og (EB) nr. 1284/2006 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 516/2010 (leyfishafi er Kemin Europa NV) (Stjtið. ESB L 66, 11.3.2017, bls. 4).

204. **32017 R 0439:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/439 frá 13. mars 2017 um leyfi fyrir L-lýsínsúlfati, sem er framleitt með *Escherichia coli*, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 67, 14.3.2017, bls. 70).
205. **32017 R 0440:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/440 frá 13. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus amyloliquefaciens* (PTA-6507), *Bacillus amyloliquefaciens* (NRRL B-50013) og *Bacillus amyloliquefaciens* (NRRL B-50104) sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla sem eru aldir til varps (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition) (Stjtið. ESB L 67, 14.3.2017, bls. 74).
206. **32017 R 0447:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/447 frá 14. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (DSM 5750) og *Bacillus licheniformis* (DSM 5749) sem fóðuruakefni fyrir gyltur, fráfarugrúsi, eldissvín, kálfa til eldis og eldiskalkúna og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 600/2005 (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) (Stjtið. ESB L 69, 15.3.2017, bls. 18).
207. **32017 R 0455:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/455 frá 15. mars 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus fermentum* (NCIMB 41636), *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41638) og *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 41640) sem fóðuruakefni fyrir hunda (Stjtið. ESB L 71, 16.3.2017, bls. 15).“

7. Texti liðar 2g (reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 516/2010) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/410, (ESB) 2017/420, (ESB) 2017/429, (ESB) 2017/439, (ESB) 2017/440, (ESB) 2017/447 og (ESB) 2017/455, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.